

1. Tilgangur og umfang

Leiðbeiningaskjalið lýsir verklagi við tengingu há- og lágspennustrengja og eftirliti með vartengiskápum sem rafmagnsflokkar **Rafveitu** Veitna annast. Leiðbeiningaskjalið lýsir því einnig hvernig starfsfólk rafmagnsflokka standa að viðgerðum.

2. Ábyrgðarskipting

Verkstjóri rafmagnsflokka eða staðgengill hans hefur umsjón með undirbúningi verka á grundvelli framkvæmdaverkþáttar frá Verkstýringu. Ber ábyrgð á framkvæmdum rafmagnsflokka gangvart forstöðumanni Viðhaldsþjónustu. Skipuleggur starfsemi vinnuflokka, tekur við verkfyrirmælum og undirbýr verk. Tryggir aðföng til verksins.

Verkstjóri ber ábyrgð á að öllum gögnum um verkið sé skilað, þ.m.t. skilagreini sem fylgir reikningi, hvort heldur reikningi gegnum millideildarsölu eða reikningi verktaka sem hann áritar.

Starfsfólk ber ábyrgð á vinnu á verkstað í fjarveru verkstjóra ásamt skráningu á verkblöð. Verkstjórar og starfsfólk bera ábyrgð á að öryggi sé tryggt og unnið sé í samræmi við öryggisatriði sem fram koma á verkblaði (gæðaskrár í SP, [EBV-135](#)) og/eða öryggishandbók OR ([LBO-200](#)).

Veitur bera ábyrgð á eftirliti með dreifikerfinu, hafa samskipti við verkstjóra rafmagns og Verkstýringu

3. Lýsing

3.1. Undirbúningur

Verkstjóri rafmagnsflokka fær framkvæmdaverkþátt frá Verkstýringu. Verkstjóri sér einnig um tengiverk í samvinnu við aðra verkstjóra, án þess að hafa verkfyrirmæli sjálfur. Viðkomandi verkstjóri varðveitir þá verkfyrirmælin. Verkstjóri og/eða starfsmaður/starfsfólk fara í vettvangsathugun ef þeir telja ástæðu til. Hann sér um að nauðsynlegar merkingar séu búnar til. Hann úthlutar verkefnum til starfsfólks og afhendir þeim afrit af verkblaði. Starfsfólk annast eftir það verkið í samráði við verkstjóra.

Verkstjóri og/eða starfsmaður skrifar út efni af Vöruhóteli. Verkstjóri sér um að Vörustjórnun útvegi annað efni sem fæst ekki eins fljótt og hægt er.

3.2. Spennuleysi tryggt

Þegar um háspennu er að ræða hefur verkstjóri rafmagnsflokka samband við Stjórnstöð sem skipuleggur straumrof samkvæmt [LBV-021](#) Línurof. Starfsmaður Stjórnstöðvar skipuleggur aðgerðaröð línurofs og skráir á Eyðublað [EBV-023](#) "Breyting á línurofi". Starfsfólk **Rafveitu** framkvæma straumrof undir aðgerðastjórn Stjórnstöðvar, sannreyna spennuleysi með spennukanna og tryggja jarðbindingu með jarðbinditækjum. Verkstjóri rafmagns og/eða starfsmaður í umboði hans, sannreynir spennuleysi á strengjum með skammhlaupsbyssu áður en vinna hefst. Þegar vinnu lýkur og allir vinnuflokkar rafmagns hafa lokið vinnu sinni tilkynna þeir sig til Stjórnstöðvar sem stýrir spennusetningu að nýju.

Þegar um lágspennu er að ræða sannreynir starfsmaður spennuleysi. Þegar starfsmaður rýfur í dreifistöð, merkir hann viðkomandi rofa með spjaldi sem á stendur "Hreyfið ekki rofann". Þegar hann rýfur í vartengiskáp, tekur hann öryggi úr rofanum eða aftengir viðkomandi streng af safnskinnum og merkir á viðurkenndan hátt hvaða hluti kerfis er ennþá undir spennu, til að tryggja öryggi vinnuflokksins.

Öll rof vegna vinnu skal tilkynna til Stjórnstöðvar.

3.3. Tengivinna

Starfsmaður sem stjórnar verki á verkstað sér til þess að strengur/strengir séu tengdir samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda þegar þær eru til. Áður en nýr háspennustrengur er tengdur skal hann kápumeggaður til að sannreyna að hlífðarkápa strengsins sé heil. Háspennustrengi skal kápumæla samkvæmt leiðbeiningarskjali [LBV-200](#) og skila niðurstöðum mælinga í gæðaskrá [Kápumæling háspennustrengja](#) í SP. Átak við herslu á að vera samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda og eru notaðir átaksmælar þegar tengdir eru strengir sem eru 50 mm² eða stærri.

Ef ekki er hægt að koma tengingum heimtauga fyrir í vartengiskáp án þess að tengja með öðrum spennusetnum heimtaugum, hefur verkstjóri samband við eftirlitsmenn Heimplagna, sem annast spennusetningu heimtauga. Starfsfólk **Rafveitu** Veitna spennusetja ekki heimtaugar nema að beiðni starfsfólks Mæla- og tengipjónustu.

Starfsmaður sér um að strengir séu merktir með viðeigandi merkjum. Ef merkin eru ekki tilbúin þegar tengivinna fer fram, eru strengir merktir með bráðabirgðamerkjum. Starfsmaður ber ábyrgð á að varanleg merki séu sett upp, áður en hann áritar verkblað.

3.4. Forgangur vegna bilana

Vinna vegna bilana hefur forgang fram yfir önnur verk sem unnin eru af rafmagnsflokkum. Um bilanaleit fer eftir [VRV-104](#), Bilanamælingar.

3.5. Prófun

Starfsmaður annast sjónskoðun. Hann fer yfir verkið og athugar hvort það hafi verið unnið samkvæmt reglum og leiðbeiningum framleiðanda þegar þær eru til. Þegar vartengiskápar eru spennusettir, tryggir hann að spenna sé komin á alla fasa og að snúningsátt sé rétt. Hann gengur í hús eftir því sem mögulegt er og ástæða er til þannig að öruggt sé að tenging hafi tekist.

Þegar nývirki eru spennusett skal yfirfara allt kerfið og sannreyna hvort kerfið sé tengt og endanlega frágengið samkvæmt teikningum.

3.6. Frágangur gagna, áritun og skil á verkfyrirmælum

Starfsmaður sér til þess að afstöðumynd sé gerð af tengistað strengja, sem eru gildari en 25 mm², ásamt afstöðumynd afbrigðilegra tenginga grennri strengja eða samtengingu strengja með mismunandi gildleika. Verkstjóri sendir beiðni til mælingamanna hjá Verkstýringu ef þörf er á aðstoð þeirra við afstöðumælingu.

Starfsmaður fer yfir hvort verkið uppfylli skilyrði um skoðun raforkuvirkja og færir inn breytingar frá útgefnum verkfyrirmælum sem nauðsynlegt var að gera.

Starfsmaður kemur verkfyrirmælunum til verkstjóra. Verkstjóri rafmagns fer yfir frumrit verkblaðs með starfsmanni og áritar það því til staðfestingar. Verkstjóri skilar verkfyrirmælunum til innfærslumanns verkupplýsinga. Verkstjóri tryggir að afstöðumyndir og innmælingar fylgi frumriti verkfyrirmæla.

3.7. Eftirlit

Verkstjóri rafmagns skipuleggur eftirlitið og undirbýr það. Tryggir að leiðréttingar séu gerðar á teikningum og merkingum búnaðar.

Hefur samskipti við Veitur og vinnuflokk við eftirlitið. Ber ábyrgð á framkvæmd eftirlitsins, skráningum vegna þess og viðgerðum sem eru gerðar jafnóðum. Kemur leiðréttum teikningum til innfærslumanns verkupplýsinga og upplýsingum um stærri bilanir til Veitna.

Starfsmaður skráir búnað tengiskápa, leiðréttir teikningar og setur myndir inn í skápaskrá og kemur leiðréttu skápablaði í vartengiskápa.

3.8. Neyðartilvik

Verkstjóri rafmagns/bakvaktarmaður/Verkstýring fær upplýsingar um bilun frá Vaktinni, Tæknilegu þjónustuveri eða beint frá starfsfólki Stjórnstöðvar sbr. verklýsingu Stjórnstöðvar um rekstrartruflanir [LBV-001](#).

4. Tilvísanir

Verklagsreglur:

[VRV-104](#); Bilanamælingar.

Leiðbeiningar:

[LBV-001](#); Rekstrartruflanir.

[LBV-021](#); Línurof.1.

[LBO-200](#); Öryggishandbók.

Eyðublöð:

[EBV-023](#); Breyting á línurofi.

[EBV-135](#); Verkblöð úr Verksýn.

Gæðaskrár:

[Verkblað rafmagns](#). (Er í SharePoint)

[Kápumæling háspennustrengja](#). (Er í SharePoint)

[Skápaskrá](#).